

## 5. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 12. febrúar 2020 kl. 20:00.

**Mætt eru:** Viktor S. Pálsson formaður, Dýrfinna Sigurjónsdóttir, Sigrún Hreiðarsdóttir og Sverrir Einarsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

**Forföll boðaði:** Hjalti Þorvarðarson.



### 1. Rafípróttanefnd

Á fundinn voru boðaðir einstaklingar sem lýstu áhuga á að stýra starfi rafípróttanefndar Selfoss á fjölmönnum kynningarfundum í janúar. Eyþór Friðbertsson og Jón Hjörtur Sigurðarson mættu á fund framkvæmdastjórnar en þeir hafa báðir brennandi áhuga að leiða starf rafípróttanefndar Selfoss. Viktor bauð rafípróttir velkomnar í Umf. Selfoss og hlakkar til þess að sjá íþróttina dafna innan félagsins.

Framkvæmdastjórn samþykkir að leggja nefndinni til lánsfé upp á 1,5 milljón krónur til að standa straum af þriggja milljón króna stofnkostnaði. Verður lánið endurgreitt. Fram kom að Umf. Selfoss hefur þegar í samstarfi við félagsmiðstöðina Zelsíuz aflað 1,5 milljón króna í stofnfé.

Mikilvægt er að kjósa stjórn nefndarinnar sem skiptir með sér verkum og var framkvæmdastjóra falið að boða til stofnfundar fimmtudaginn 20. febrúar 2020. Á dagskrá fundarins er að kjósa stjórn og í framhaldi af því mun stjórn skipta verkefnum niður á einstaklinga.

### 2. Ársreikningur og fjárhagsáætlun Umf. Selfoss

Vísað til næsta fundar framkvæmdastjórnar miðvikudaginn 26. febrúar.

### 3. Aðalfundir deilda

Aðalfundir deilda Umf. Selfoss árið 2020 verða haldnir í félagsheimilinu Tíbrá sem hér segir:

Frjálsíþróttadeild fimmtudag 6. febrúar klukkan 20:00

Júdódeild fimmtudag 20. febrúar klukkan 20:30

Sunddeild mánudag 24. febrúar klukkan 18:30

Taekwondodeild þriðjudag 3. mars klukkan 20:00

Knattspyrnadeild mánudag 9. mars klukkan 20:00

Handknattleiksdeild miðvikudag 11. mars klukkan 20:00

Fimleikadeild miðvikudag 25. mars klukkan 20:00

Mótokrossdeild fimmtudag 26. mars klukkan 20:00

### 4. Undirbúningur aðalfundar Umf. Selfoss 16. apríl 2020

Dagskrá aðalfundar staðfest.

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að óska eftir tillögum til aðalfundar frá deildum. Framkvæmdastjóra falið að vinna tillögur til aðalfundar upp úr skýrslu frá stöðufundi.

Engar tillögur liggja fyrir um lagabreytingar. Framkvæmdastjóra falið að lýsa eftir tillögum frá deildum. Rædd var hugmynd um að endurskoða heimild til að stofna ráð og nefndir innan félagsins m.a. sögu- og minjanefnd félagsins sem myndi sjá um útgáfumál. Engin ákvörðun tekin.

Endurskoðun á reglugerðum. Lesa yfir allar reglugerðir sérstaklega m.t.t. annars vegar barna- og unglingastyrks og lottó og hins vegar styrks vegna reksturs meistaraflokka. Vísað til næsta fundar framkvæmdastjórnar miðvikudaginn 26. febrúar og fundar aðalstjórnar í mars.

Framkvæmdastjórn staðfestir val á deild ársins sem hlýtur UMFÍ-bikarinn á aðalfundi félagsins.

Erindi frá valnefnd um íþróttafólk ársins „Rætt var í nefndinni hvort ekki væri rétt að tilnefna lið ársins og þjálfara ársins líkt og gert er hjá íþróttafréttamönnum.“ Ekki var tekin formleg afstaða til erindisins en vísað til nánari útfærslu framkvæmdastjóra.

#### **5. Innra skipulag Umf. Selfoss / Staða félagsins**

Lögð fram skýrsla með niðurstöðum fundar í nóvember. Framkvæmdastjórn samþykkir að vinna tillögu fyrir næsta fund aðalstjórnar. Nánari útfærslu vísað til fundar framkvæmdastjórnar miðvikudaginn 26. febrúar.

#### **6. Önnur mál**

Framkvæmdastjóra falið að hvetja stjórnarfolk til að virða banna við notkun tóbaks á viðburðum á vegum félagsins þ.m.t. fundum.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:18.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**